



220 Ökutækjatrygging

Ábyrgðartrygging, slysatrygging ökumanns og eiganda, bílrúðutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Ökutækjatrygging samanstendur af þremur vátryggingum. Í öllum tilvikum felur hún í sér lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækis sem tekur til greiðslu á bótakröfum vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis samkvæmt lögum um ökutækjatryggingar nr. (númer) 30/2019. Vegna ökutækja annarra en torfærutækja felur hún í sér lögboðna slysatryggingu ökumanns og eiganda. Í þriðja lagi felur hún í sér bílrúðutryggingu sem er valkvæð vátrygging.

A. ÁBYRGÐARTRYGGING ÖKUTÆKIS.

1. Þeir sem eru vátryggðir.

1.1 Vátryggingartaki er vátryggður, svo og hver sá sem með samþykki hans notar ökutækið eða ekur því. Sé ökutækið selt er hinn nýi eigandi vátryggður í 14 daga eftir eigendaskipti, enda hafi hann ekki keypt aðra vátryggingu vegna ökutækisins.

2. Gildissvið.

2.1 Vátryggingin nær til sérhverrar skaðabótakröfu sem vátryggingartaka er skylt að vátryggja gegn skv. (samkvæmt) gildandi íslenskum lögum um ökutækjatryggingar vegna tjóns er hlýst af notkun ökutækisins.

2.2 Vátryggingin gildir ekki þegar ökutækið tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir skv. umferðarlögum.

3. Skemmdir á eigin ökutæki.

3.1 Vátryggingin tekur ekki til skemmda á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum vátryggingartaka eða vátryggðs. Þó bætur vátryggingin skemmdir á öðrum bifreiðum í eigu vátryggingartaka eða vátryggðs sem valdið er með hinu vátryggða ökutæki.

4. Greiðsluskylda félagsins.

4.1 Greiðsluskylda félagsins vegna hvers vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð þá sem tilgreind er í vátryggingarskírteininu eða lögboðna vátryggingarfjárhæð hvort sem hærra er.

5. Landfræðilegt gildissvið og akstur erlendis.

5.1 Vátryggingin gildir um notkun ökutækisins á Íslandi og í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkjum að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum.

5.2 Vátryggingartaki skal leysa til sín alþjóðlegt vátryggingarkort fyrir ökutæki („grænt kort“) vegna aksturs erlendis, enda eigi ríkin aðild að samningum um notkun slíks vátryggingarkorts.

6. Varúðarreglur.

6.1 Vátryggðum er skylt að gæta þess að ökutæki sé í lögmæltu ástandi. Sérstaklega ber honum að sjá um að öryggistæki þess svo sem hjólbarðar og hemlunarbúnaður séu í lagi.

6.2 Ökumaður skal hafa hæfni til þess að stjórna ökutækinu örugglega og hafa til þess tilskilin ökuréttindi.

6.3 Brot gegn varúðarreglum getur leitt til þess að félagið endurkrefji vátryggðan að hluta eða heild um það tjón sem greiddar hafa verið bætur fyrir sbr. (samanber) 19. gr. (grein) laga um ökutækjatryggingar.

7. Aðsetursskipti, breytingar á ökutæki og aukin áhætta.

7.1 Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flytur búferlum.

7.2 Vátryggður skal tilkynna allar breytingar á ökutækinu eða notkun þess er haft geta í för með sér aukna áhættu á tjóni, svo sem notkun sérstakra tækja og búnaðar. Láti vátryggður hjá líða að gefa slíka tilkynningu leysist félagið úr ábyrgð skv. reglum laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Takmörkun á ábyrgð vegna breytingar á notkun ökutækis.

8.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna tekur m.a. (meðal annars) mið af því hver notkun hins vátryggða ökutækis er samkvæmt því sem skráð er í vátryggingarskírteininu. Nú er ökutækið með samþykki vátryggðs notað með öðrum hætti en tilgreint er í vátryggingarskírteininu og komið hefur til greiðslu bóta úr vátryggingunni vegna



220 Ökutækjatriyggung

Ábyrgðartrygging, slysatrygging ökumanns og eiganda, bílrúðutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

vátryggingaratburðar sem rekja má til hinnar breyttu notkunar, skerðist ábyrgð félagsins gagnvart vátryggðum að tiltölu um mismun á umsömdu iðgjaldi og því iðgjaldi sem félagið hefði með réttu áskilið sér vegna hinnar breyttu notkunar. Skerðing á ábyrgð félagsins samkvæmt þessu skerðir ekki rétt tjónþola til bóta úr vátryggingunni en félagið á hins vegar endurkröfurétt á hendur vátryggðum sem nemur skerðingunni.

9. Útleiga án ökumanns.

9.1. Félagið á endurkröfurétt á hendur vátryggðum skv. reglum 8. gr. hér að framan vegna tjóns sem hlýst þegar ökutækið er leigt án ökumanns andstætt ákvæðum laga nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja.

10. Gildistími vátryggingarinnar.

10.1 Vátryggingin tekur gildi þann dag sem tilgreindur er í vátryggingarskírteininu skv. vátryggingarbeiðninni. Ef vátryggingarskírteini hefur ekki verið gefið út gengur vátryggingin í gildi þegar félagið eða umboðsmaður þess hefur fengið vátryggingarbeiðnina í hendur nema öðruvísi sé um samið. Sé ekki um annað samið gildir vátryggingin til næsta gjalddaga kl. (klukkan) 00.00.

11. Framlenging vátryggingarinnar.

11.1 Vátryggingin framlengist um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp skriflega innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. 12.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé vátryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins. Uppsögn kemur þó því aðeins til framkvæmda að vátryggingarsamningur hafi komist á hjá öðru félagi í síðasta lagi fyrir þann gjalddaga.

11.2 Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar til um reksturinn sem greinir í 3. málslíð 1. mgr. (málsgrein) getur vátryggingartaki ekki sagt vátryggingarsamningnum upp á vátryggingartímanum til að flytja vátrygginguna til annars félags.

12. Greiðsla iðgjalds og niðurfelling vátryggingar vegna vanskila.

12.1 Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þegar ábyrgð félagsins hefst, sbr. gr. 10.1. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.

12.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur vátryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.

12.3 Hafi vátryggingin verið tekin með einhliða yfirlýsingu vátryggingartaka, er félaginu heimilt að skora á vátryggingartaka að greiða iðgjaldið eða semja um greiðslu þess þegar í stað og í síðasta lagi innan viku frá móttöku slíkrar tilkynningar. Verði vátryggingartaki ekki við áskoruninni er félaginu heimilt að fella vátrygginguna strax úr gildi.

12.4 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. eða 3. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

12.5 Í tilkynningum skv. 2. og 3. mgr. skal tekið fram að vátrygging falli úr gildi verði hún ekki greidd innan tilskilins frests svo og um réttaráhrif þess falli vátryggingin úr gildi, sbr. gr. 13.1.

12.6 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

12.7 Falli vátrygging niður skv. 2. eða 3. mgr. fer um uppgjör iðgjalds skv. 14. gr. skilmála.

12.8 Iðgjald ábyrgðartryggingarinnar hvílir sem lögveð á ökutækinu ásamt vöxtum og kostnaði og fellur ekki niður við eigendaskipti. Félagið getur krafist nauðungarsölu á ökutækinu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms á grundvelli lögveðsréttarins.



220 Ökutækjatyrgging

Ábyrgðartrygging, slysatrygging ökumanns og eiganda, bílrúðutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

12.9 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

13. Áhrif þess að vátrygging fellur úr gildi vegna vanskila.

13.1 Falli vátrygging úr gildi skv. gr. 12.2 eða 12.3 tilkynnir félagið það til Samgöngustofu skv. 13. gr. laga um ökutækjatyrggingar. Ber þá lögreglustjóra að hlutast til um að skráningarkerki séu tafarlaust tekin af ökutækinu.

14. Uppgjör á iðgjaldi þegar vátryggingin fellur úr gildi á vátryggingartímabilinu.

14.1 Falli vátryggingin úr gildi á vátryggingartímabilinu skal vátryggingartaki greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi í hlutfalli við það sem eftir er af vátryggingartímabilinu. Félagið endurgreiðir iðgjald samkvæmt sömu hlutfallsreglu fyrir þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og vátryggingin var ekki í gildi. Þessi regla gildir ekki þegar iðgjald ákvarðast eftir árstíðabundinni áhættu og þess getið í vátryggingarskírteini að um árstíðabundið iðgjald er að ræða og gildir þá gr. 14.2.

14.2 Falli vátryggingin úr gildi á vátryggingartímabilinu vegna ökutækis þar sem iðgjald ákvarðast eftir árstíðabundinni áhættu, enda sé þess getið í vátryggingarskírteini að iðgjald sé árstíðabundið, skal vátryggingartaki greiða iðgjald miðað við það samanlagða hlutfall ársiðgjalds sem tilgreint er í töflunni hér að neðan fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi, en flokkur ökutækis sem ökutækið fellur undir er tilgreindur í vátryggingarskírteini. Félagið endurgreiðir iðgjald samkvæmt sömu reglu fyrir þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og vátryggingin var ekki í gildi.

Mánuður	Flokkur 1 (t.d. vélsleðar)	Flokkur 2 (t.d. mótórhjól)	Flokkur 3 (t.d. fjórhjól)	Flokkur 4 (t.d. fornbílar)	Flokkur 5 (t.d. húsbílar)
janúar	14%	2%	2%	4%	3%
febrúar	23%	2%	4%	4%	3%
mars	23%	3%	4%	5%	5%
apríl	15%	6%	4%	10%	7%
maí	8%	14%	4%	12%	12%
júní	2%	16%	13%	14%	20%
júlí	2%	16%	17%	14%	20%
ágúst	2%	16%	17%	12%	12%
september	2%	14%	22%	12%	7%
október	2%	6%	9%	5%	5%
nóvember	2%	3%	2%	4%	3%
desember	5%	2%	2%	4%	3%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%

15. Sala ökutækis og afskráning.

15.1 Vátryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar ef ökutækið er afskráð eða selt, enda gildir vátryggingin ekki fyrir nýjan eiganda eftir 14 daga frá eigendaskiptum, sbr. gr. 1.1.

15.2 Vátryggingin fellur úr gildi við afskráningu ökutækis hjá Samgöngustofu og fer um uppgjör iðgjalds skv. 14. gr. skilmála.

15.3 Sé ökutækið selt fer um uppgjör iðgjalds skv. 14. gr. skilmála, enda hafi ný trygging verið keypt fyrir ökutækið við eigendaskipti.

15.4 Hafi félagið greitt bætur úr vátryggingunni eftir að 14 dagar eru frá eigendaskiptum getur félagið endurkrafíð þann sem valdið hefur tjóninu á grundvelli 19. gr. laga um ökutækjatyrggingar.

16. Innistaða skráningarnúmers.

16.1 Hafi skráningarnúmer ökutækisins verið lögð inn til vörslu Samgöngustofu eða þess sem hefur umboð hennar til að taka við skráningarkerkjum, felur það í sér uppsögn vátryggingarsamningsins og fellur ábyrgðartryggingin við það úr gildi við það tímamark.

220 Ökutækjatrygging

Ábyrgðartrygging, slysatrygging ökumanns og eiganda, bílrúðutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

16.2 Ljúki váttryggingu með þeim hætti sem greinir í 1. mgr. fer um uppgjör iðgjalds skv. 14. gr. skilmála.

17. Uppsagnarréttur félagsins.

17.1 Félagið hefur heimild til að segja váttryggingarsamningi upp ef váttryggingartaki og/eða váttryggður hefur ítrekað stórlega vanrækt skyldur sínar gagnvart félaginu. Segi félagið upp váttryggingarsamningi skv. þessu ákvæði skal uppsagnarfrestur vera tveir mánuðir nema lög um váttryggingarsamninga heimili skemmri frest. Skal félagið senda váttryggingartaka tilkynningu þar að lútandi á sannanlegan hátt og gera honum grein fyrir ástæðum og afleiðingum uppsagnarinnar.

17.2 Að liðnum uppsagnarfresti skv. 1. mgr. skal félagið tilkynna Samgöngustofu um að váttryggingin sé fallin úr gildi. Félagið ber þó áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að Samgöngustofa fékk tilkynningu þessa, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið keypt.

17.3 Ljúki váttryggingu með þeim hætti sem greinir í 1. og 2. mgr. fer um uppgjör iðgjalds skv. 14. gr. skilmála.

18. Skyldur váttryggðs vegna tjóns.

18.1 Jafnskjótt og váttryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð og ætla má að váttryggingin nái til hennar ber honum að tilkynna félaginu það með sannanlegum hætti.

18.2 Ekki má váttryggður viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bótakröfu án samþykkis félagsins nema váttryggður hafi aðeins gert það sem honum var skylt lögum samkvæmt, er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti hennar. Er váttryggingaratburðurinn hefur gerst eða bein hætta er á því að hann muni að höndum bera ber váttryggðum að reyna af fremsta megni að afstýra tjóninu eða draga úr því.

18.3 Svo unnt sé að taka ákvörðun um bótaskyldu úr váttryggingunni og umfang hennar eða vegna endurkröfu skal váttryggður varðveita og veita félaginu aðgang að hljóð- og myndupptökum og hvers kyns rafrænum upplýsingum sem skráð eru í tölvubúnaði ökutækis eða aukabúnaði þess.

18.4 Vanræksla á skyldum váttryggðs skv. 1.-3. mgr. getur valdið skerðingu eða missi váttryggingarverndar samkvæmt 28. gr. laga um váttryggingarsamninga.

19. Tjónsuppgjör og kostnaður við það.

19.1 Er bótakrafa kemur fram á því sviði sem váttryggingin nær til á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn, ef til hennar kemur. Kostnað, sem af þessu leiðir, greiðir félagið, en þó ekki hærri en svarar til hlutfalls váttryggingarfjárhæðarinnar af höfuðstól skaðabótanna.

20. Réttur til að greiða tjónþola bætur.

20.1 Félagið hefur rétt til að greiða bætur beint til þriðja manns (tjónþola). Komi fram skaðabótakrafa getur félagið, á hvaða stigi málsins sem er, fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með því að greiða váttryggingarfjárhæðina og áfallna vexti og kostnað sem svarar til váttryggingarfjárhæðarinnar.

20.2 Sá sem á rétt til bóta úr váttryggingunni á jafnframt rétt til vaxta af bótunum lögum samkvæmt.

21. Iðgjaldsákvörðun og viðbótariðgjald.

21.1 Iðgjald fyrir váttryggingu þessa er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald eftir nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, verðlagsþróun og öðrum orsökum sem raska iðgjaldagrundvellinum.

21.2 Greiði félagið bætur vegna þess ökutækis sem váttryggingarsamningur tekur til skal greiða sérstakt viðbótariðgjald skv. iðgjaldaskrá og nánar er tilgreint í skírteini eða iðgjaldskvittun. Viðbótariðgjaldið fellur í gjalddaga um leið og félagið hefur greitt bætur vegna tjóns sem að lágmarki nemur fjárhæð sem nánar er tilgreind í skírteini eða iðgjaldskvittun.

21.3 Verði tjónareynsla félagsins vegna váttryggðs ökutækis mjög slæm er félaginu heimilt að ákvarða iðgjaldið sérstaklega eins og nánar greinir í iðgjaldaskrá.

22. Eigin áhætta.

22.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu, ef þess er getið í skírteini eða iðgjaldskvittun. Krafa félagsins um greiðslu eigin áhættu fellur í gjalddaga jafnskjótt og félagið hefur innt af hendi bráðabirgða- eða fullnaðargreiðslu vegna tjónsins.



220 Ökutækjatrygging

Ábyrgðartrygging, slysatrygging ökumanns og eiganda, bílrúðutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

23. Lög um váttryggingarsamninga, lausn ágreiningsmála o.fl. (og fleira).

- 23.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 23.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 23.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarpingi váttryggingartaka.
- 23.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík

B. SLYSATRYGGING ÖKUMANNS OG EIGANDA SEM FARÞEGA.

1. Grundvöllur slysatryggingarinnar.

- 1.1 Um váttrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og lög nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum váttryggingarsamnings. Að öðru leyti vísast til skilmála félagsins fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækis eftir því sem við á.
- 1.2 Slysatrygging ökumanns og eiganda sem farþega er ekki í gildi ef ökutækið er torfærutæki sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um ökutækjatryggingar.

2. Gildissvið og hámarksbætur.

- 2.1 Félagið greiðir bætur fyrir líkamstjón vegna umferðarslyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis sem váttryggingin tekur til enda verði slysið rakið til notkunar þess sbr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar. Félagið greiðir einnig bætur fyrir líkamstjón vegna umferðarslyss sem váttryggingartaki verður fyrir sem farþegi í ökutækinu enda verði líkamstjónið rakið til notkunar ökutækisins.
- 2.2 Váttryggingarfjárhæð er skv. lögum um ökutækjatryggingar og tekur breytingum eftir ákvörðun ráðherra.

3. Landfræðilegt gildissvið og akstur erlendis.

- 3.1 Váttryggingin gildir um notkun ökutækisins á Íslandi og í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkjum að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum.

4. Undanskildar áhættur.

- 4.1 Félagið bætir ekki tjón sem rakið verður til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama á við um tjón af völdum kjarnorku, geislunar eða geislavirkra efna, svo og tjón er stafa af eldgosi, jarðskjálfta, skriðufalli, snjóflóði eða öðrum náttúruhamförum.

5. Missir réttar til bóta.

- 5.1 Réttur til váttryggingarbóta getur fallið niður að einhverju eða öllu leyti samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga ef váttryggingartaki eða váttryggður vanrækir skyldur sínar gagnvart félaginu, til dæmis ef hann veldur tjóni með því að aka án þess að hafa ökuréttindi eða veldur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, svo sem ef hann ekur undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna.

6. Sala ökutækis og afskráning.

- 6.1 Váttryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar ef ökutækið er afskráð eða selt, en váttryggingin gildir ekki fyrir nýjan eiganda eftir 14 daga frá eigendaskiptum, enda hafi ekki verið keypt önnur váttrygging vegna ökutækisins.

7. Iðgjaldsákvörðun og viðbótariðgjald.

- 7.1 Greiði félagið bætur vegna þess ökutækis sem váttryggingarsamningur tekur til skal greiða sérstakt viðbótariðgjald skv. iðgjaldaskrá og nánar er tilgreint í skírteini eða iðgjaldskvittun. Viðbótariðgjald fellur í gjaldþaga um leið og félagið hefur greitt bætur vegna tjóns sem að lágmarki nemur fjárhæð sem nánar er tilgreind í skírteini eða iðgjaldskvittun.

220 Ökutækjatrygging

Ábyrgðartrygging, slysatrygging ökumanns og eiganda, bílrúðutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 7.2 Verði tjónareynsla félagsins vegna váttryggðs ökutækis mjög slæm er félaginu heimilt að ákvarða iðgjaldið sérstaklega eins og nánar greinir í iðgjaldaskrá.
- C. BÍLRÚÐUTRYGGING.**
- 1. Almennir skilmálar.**
- 1.1 Um váttrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum váttryggingarsamnings.
- 2. Gildissvið.**
- 2.1 Váttryggingin bætir brot á bílrúðu ökutækisins ásamt ísetningarkostnaði, nema váttryggður hafi valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist. Váttryggingin bætir eingöngu fram-, hliðar- og afturrúður.
- 2.2 Bætur úr rúðutryggingu verða aldrei hærri en sem nemur 35% af verðmæti bifreiðarinnar.
- 3. Rúður með sérbúnaði.**
- 3.1 Váttryggingin tekur til venjulegrar bílrúðu ökutækis. Bætur miðast við sambærilega bílrúðu með sömu eiginleika og sú sem var í bifreiðinni fyrir tjónið. Ef um óvenjulega bílrúðu er að ræða, til dæmis rúðu með sérbúnaði sem gerir hana mun dýrari en venjulega bílrúðu í sambærilegri bifreið, eru þó aðeins greiddar bætur er nema andvirði venjulegrar bílrúðu.
- 4. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.**
- 4.1 Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust tilkynna félaginu það með sannanlegum hætti og krafa skal tilkynnt eigi síðar en innan árs frá því hann vissi eða mátti vita að váttryggingarburður hafi orðið. Vanræksla á þessum skyldum váttryggðs getur valdið skerðingu eða missi váttryggingarverndar eftir lögum um váttryggingarsamninga.
- 5. Eigin áhætta.**
- 5.1 Bæti váttryggingin tjón á bílrúðu vegna rúðutjóns með nýrri bílrúðu ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Sé unnt að gera við hina skemmdu bílrúðu greiðir váttryggingin fyrir viðgerð hennar án eigin áhættu váttryggingartaka.
- 6. Ökutæki í eigu rekstraraðila.**
- 6.1 Sé ökutæki í eigu rekstraraðila, sem getur nýtt greiddan virðisaukaskatt vegna ökutækisins sem innskatt í rekstri sínum, bætir félagið ekki þann hluta tjóns sem nemur virðisaukaskatti, hvort sem um er að ræða bætur fyrir algert tjón eða vegna viðgerðarkostnaðar.
- 7. Úrtaka, ísetning og afnotamissir.**
- 7.1 Rúða sem brotnar við úrtöku eða ísetningu er ekki bætt. Ekki er bætt tjón vegna afnotamissis ökutækisins er rúða brotnar.
- 8. Tilvísun í skilmála.**
- 8.1 Að öðru leyti vísast til skilmála félagsins fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækis eftir því sem við á.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið



220 Ökutækjatrýgging

Ábyrgðartrygging, slysatrýgging ökumanns og eiganda, bílrúðutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 29. júní 2022